

## Formáli

Leikskólinn Naustatjörn

Hólmatúni 2, 600 Akureyri

Aðalsímanúmer: 414-3750

Netfang: [naustatjorn@akureyri.is](mailto:naustatjorn@akureyri.is)

veffang: [www.naustatjorn.is](http://www.naustatjorn.is)

Naustatjörn hóf starfsemi sína þann 18. ágúst árið 2003. Frá 18. ágúst 2003 til 17. ágúst 2009 var skólinn einsetinn með 96 rými og fjórar deildir í skólanum. Frá 18. ágúst 2009 bættist fimmta deildin við (Fífilbrekka) og 7. ágúst 2012 bættist 6. deildin við (Sunnuhvoll), 130 rými eru nú við skólann. Nöfn deilda eru Búðargil, Huldusteinn, Vökuvellir, Tjarnarhóll, Fífilbrekka og Sunnuhvoll.

Nöfn skóla og deilda eru dregin af örnefnum og staðhátum á svæðinu. Hóll nokkur sem er í grennd við skólann heitir **Tjarnarhóll** og dregur nafn sitt af **Naustatjörn** sem er rétt utan við hann. Búðarlækur mun hafa komið úr Naustatjörn og runnið niður **Búðargil** (nú Lækjargil). **Huldusteinn** er steinn í landi Hamra og er þar Huldufólksbústaður. Nöfn hinna deildanna þriggja, **Vökuvellir**, **Fífilbrekka** og **Sunnuhvoll** eru dregin af sveitabæjum sem voru í Naustahverfi.

Á Naustatjörn er lögð mikil áhersla á leikinn. Aðrir áherslupættir skólans eru náttúra og umhverfi og Jákvæður agi. Hugmyndafræði skólans byggir að mestu leyti á hugmyndum John Dewey, Lev Vygotsky, Howard Gardner, Urie Bronfenbrenner og Jane Nelsen. Nánar er fjallað um þessa kennismiði í Starfsmannahandbók Naustatjarnar.

Ritstjóri: Jónína Hauksdóttir skólastjóri

Yfirllestur: Elísabet Þórunn Jónsdóttir og Halla Steingrímisdóttir

Útgáfustaður: Akureyri.

Útgáfuár:

2002

2003

2005

2008

2019

## Námskrá skólans

Naustatjörn er leikskóli sem leggur áherslu á leik, náttúru og umhverfi og Jákvæðan aga í daglegu starfi. Unnið er eftir námskrá Naustatjarnar sem byggir á *Aðalnámskrá leikskóla*.

Í námskrá Naustatjarnar fléttast grunnþættir *Aðalnámskrár leikskóla*; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun. Einnig fléttast inn í starfið námssvið leikskóla; læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi ásamt sköpun og menning.

### Stefna Naustatjarnar er:

- Að barnið vinni út frá eigin áhuga og reynslu, sé virkt og skapandi í leik sínum og læri með því að prófa sig áfram
- Að barnið takist á við margbreytileg verkefni og þroski með sér góða sjálfsmynd og sjálfsöryggi
- Að barnið læri í gegnum félagsleg samskipti við fullorðna og önnur börn
- Að verkefni séu ögrandi og veiti barninu aukinn þroska og vitneskju
- Í gegnum leikinn er barninu boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni sem koma til móts við þarfir þess, áhuga og getu auk þess sem þau stuðla að auknum þroska
- Að barnið kynnist umhverfi sínu, náttúru landsins og læri að bera virðingu fyrir því
- Að góð samvinna ríki á milli heimilis og skóla barnsins

### Leikurinn

Á Naustatjörn er lögð mikil áhersla á leikinn, hann veitir börnunum mikla gleði og ánægju og er aðalnámsleið þeirra. Líkams-, tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis-, og fagurþroski eflist og styrkist. Því er mikilvægt að börnin fái að njóta sín í leik og skapandi starfi með öðrum börnum en frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins skín oft í gegn í leik. Samhliða leiknum gefast mörg tækifæri til náms í gegnum daglegt starf. Í mörgum leikjum fær barnið hreyfipörf sinni fullnægt og barnið æfir og þjálfar hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í hlutverka- og ímyndunarleikjum, auk annarra samleikja lærist barninu nauðsyn þess að tjá sig, vinna saman og taka tillit til annarra. Í leikjum með leikreglum læra þau einnig að virða annarra rétt og einfaldar samskiptareglur.

Mikið er unnið með opinn efnivið sem börnin geta notað á margskonar hátt og sem ýtir undir sköpunargleði, ímyndunarafl og áhuga þeirra.

**Jákvæður agi**

Markvisst er unnið með Jákvæðan aga sem kennir lífsleikni og félagsfærni en þessir þættir byggja á alhliða þroska, færni til samskipta, að leita lausna og að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Jákvæður agi hjálpar að byggja samband væntumþykju og virðingar og auðveldar að finna lausnir til frambúðar. Byggt er á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Einnig þroska börn og efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

**Grunnhugtök í Jákvæðum aga**

**Virðing** endurspeglast í þeirri kurteisi sem fólk sýnir hvert öðru, hvernig það talar við aðra og um það og hvernig það fer með eigin annarra. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu veitir fólki þá reisn sem því ber. **Góðvild** er að sýna væntumþykju og hlýju í verki en ekki að skamma, niðurlægja eða lesa yfir öðrum. **Festa** felst í því að standa við það sem sagt er og sjá til þess að fyrirfram ákveðnum verkefnum verði lokið.

**Markmið í uppeldi**

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif uppeldisaðferðir hafa. Þær aðferðir sem notaðar eru ættu að hafa jákvæð og uppbyggjandi langtímamarkmið. Refsing getur til að mynda stöðvað ákveðna hegðun um stund en aftur á móti getur hún leitt til lítils sjálfsálits, skorts á hugrekki og sjálfsöryggi, uppreisnar, hefndar og ótta við að mistakast. Í kjölfarið gætu samskipti einkennst af valdabaráttu eða hefnd.

Börn þróa ekki með sér ábyrgðarkennd ef fullorðnir eru of stýrandi og stífir. Ekki heldur ef þeir eru of eftirgefanlegir. Aftur er ítrekað að börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu.

**Lykilþættir í Jákvæðum aga**

**Gagnkvæm virðing.** Fullorðnir sem sýna sjálfum sér virðingu og þeim aðstæðum sem uppi eru sýna góðvild og festu. Á þann hátt virða þeir þarfir barnsins.

**Skilningur** á orsökum hegðunar. Um leið og skilningur fyrir ákveðinni hegðun er fyrir hendi er mun auðveldara að breyta eða stöðva þá hegðun. Að bregðast við ástæðum hegðunar getur jafnvel verið mikilvægara en að bregðast við hegðuninni sjálfri. **Virk samskipti.** Að nota opnar spurningar, hvað, hvernig, hvers vegna. Að nota virka hlustun, að heyra hvað sagt er. Að gefa

börnum tækifæri til að taka þátt í samskiptum í stað þess að segja þeim hvað þau eiga að segja og gera.

**Þekking og skilningur á heimi barnsins.** Þegar skilningur á heimi barnsins er fyrir hendi er hægt að velja rétt viðbrögð við hegðun þess. Að vita hvar barnið er stadd á þroskabraut sinni, að þekkja skapferli þess, auk félags- og tilfinningalegs þroska.

**Áhersla á lausnir.** Ásakanir leysa ekki vandamál. Velja þarf leiðir að lausnum. Með auknum þroska barnsins eykst samvinna í að finna jákvæðar lausnir á þeim aðstæðum sem koma upp. Leiðir að lausnum virka betur þegar börnin eru þátttakendur í ákvörðunum.

**Hvatning** hvetur börn til að reyna sig áfram og bæta sig en er ekki eingöngu staðfesting á góðum árangri. Hvatning hjálpar börnum að verða örugg með eigin hæfileika og getu.

**Börnum gengur betur þegar þeim líður vel.** Þau eru mun tilbúnari til samstarfs, að læra nýja hluti. Þau sýna hlýju og virðingu þegar þau finna hvatningu og væntumþykju. Börnum sem líður illa og finnst þau niðurlægð eða skammast sín gengur ekki vel að tileinka sér ný viðhorf eða nýja hegðun.

#### **Mistök eru tækifæri til að læra**

Mikilvægt er að kenna börnum að losna við sektarkennd, skömm og ásakanir eftir að hafa gert mistök. Að geta beðist afsökunar á mistökum og fundið út í sameiningu hvernig hægt er að læra af þeim bætir oft samskipti og þau geta orðið betri heldur en þau voru áður en mistökin voru gerð.

#### **Námsleiðir:**

Jákvæður agi eru kenndur með samskiptum, leik, með hjálp verkfæra og í gegnum daglegt starf. Allt starf skólans litast af kennslu í félagsfærni og lífsleikni.

**Hugmyndafræði - skóli fyrir alla**

Í Naustatjörn eru unnið samkvæmt þeirri trú að hvert barn sé einstakt á sinn hátt. Því er reynt eftir fremsta megni að mæta hverju barni þar sem það er statt í þroska og haft í huga að nýta áhugasvið þess eins og kostur er líkt og **Dewey** lagði áherslu á.

Einnig er unnið eftir hugmyndum **Vygotsky** sem lagði áherslu á að börn læri af þeim sem lengra eru komin á þroskabrautinni og þurfa kennarar því að vera vakandi fyrir því að leggja fyrir krefjandi og flókin verkefni til úrlausna.

Kennarar vinna líka eftir fjölgreindarhugmynd Howard **Gardner** þar sem reynt er að finna sterku hliðar barnsins svo hægt sé að styrkja þær sem eru veikari.

Hugmynd **Bronfenbrenner** kemur fram í aldurstengdri námskrá þar sem lagt er upp með að einstaklingar mótast af samspili hvers og eins og umhverfisins, frá nánasta umhverfi yfir í heilu samfélögin og að þeir víkki út þekkingu sína og þroska með því að byggja ofan á fyrri reynslu.

Jákvæður agi – agastefna skólans leggur mikla áherslu á að kennarar átti sig á ástæðum hegðunar hjá börnunum til að geta brugðist á réttan hátt við því sem börnin eru að leita eftir.

Jane **Nelsen** segir að trúin á bak við Jákvæðan aga sé að börnum gangi betur þegar þeim líður betur, því skal ætíð mæta þeim með gagnkvæmri virðingu, góðvild og festu sem eru lykilatriði í jákvæðum aga og eiga að hjálpa börnum að læra félagsleg samskipti og lífsleikni.

### Náttúra og umhverfi.

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að reyna að skilja umhverfi sitt. Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta (Aðalnámskrá leikskóla 2011 – kafli 9.3 bls. 44).

#### Markmið Naustatjarnar með kennslu um náttúru og umhverfi eru:

- Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og fjölbreytileika hennar
- Að börnin læri að njóta náttúrunnar og komast í tengsl við hana
- Að börnin læri um náttúruna, umhverfið og verndun þess

#### Námsleiðir:

Lögð er áhersla á að börnin gangi vel um og læri að meta og þekkja umhverfi sitt. Fjölbreyttar vettvangsferðir eru reglulega farnar út í náttúruna og umhverfið. Farið er reglulega með hóp barna í skipulagðar ferðir og eru börnin undirbúin fyrir ferðirnar. Þegar heim er komið er unnið úr upplifun þeirra og þeim efnivið sem þau hafa safnað í ferðunum. Hlustað er eftir áhuga barnanna, spurningum þeirra svarað og þau hvött til frekari rannsókna og tilrauna. Einnig eru til tæki sem hægt er að nota í tilrauna – og ræktunarskyni því börnin rækta bæði úti og inni, m.a. blóm, fræ, karsa og kartöflur. Lesnar eru bækur, ljóð og sungið um náttúruna til að fræðast og fá tilfinningu fyrir henni. Unnið er út frá veðurfari og árstíðum, börnin læra að endurnýta margvíslegan efnivið og nota í verkefnum og leik, flokka úrgang og fara með í endurvinnslustöðvar.

#### Kennsluskipulag:

Unnið er markvisst með náttúru og umhverfi í hópastarfi en auk þess fer fræðsla og umræður fram í samverustundum, á Barnafundum í útiveru og í hinum ýmsu ferðum utan lóðar skólans.

## Námsmarkmið í Náttúru og umhverfi – 2 ára

Sjálfbærni	Umhverfið	Grænfáninn	Þemadagar
Börnunum er kennt hvað sett er í Urði litlu (grænu dallarnir)	Börnin skoða umhverfi sitt í ævintýraferðum	Börnin vinna að mismunandi grænfánaverkefnum sem unnin eru ákveðinn tíma í senn	Húsdýradagar. Fræðsla um dýrin í sveitinni
Börnunum er kennt að taka eitt þurrkubréf	Farið í ferðir og rusl týnt. Lögð er áhersla á að ganga vel um úti og inni	Verkefni eru útfærð á hverri deild miðað við aldur, áhuga og getu barnahópsins	Gróðursetningardagar. Fræ, kartöflur, blóm og grænmeti sett í mold
Börnunum er kennt að fara 1x undir sápuskammtara (1 sápuþropi)	Farið er yfir umferðarreglurnar með börnunum	Grænfánahátíð haldin í júní	Náttúrudagar. Skordýra-, blóma- og fugladagar að vori og sumri
Börnunum er kennt að fara sparlega með vatnið og allt annað sem við notum			
Börnunum er kennt að fara vel með hluti og að bera virðingu fyrir þeim			

### **Samfélag og menning**

Starfið í Naustatjörn mótast af því umhverfi sem skólinn er í. Taka þarf tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna, efla þarf tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Starfið mótast einnig af atvinnu-, félags- og menningarlegu umhverfi skólans.

#### **Markmið Naustatjarnar með kennslu í samfélagi og menningu eru:**

- Að börnin kynnist menningu og fjölbreytileika samfélagsins sem þau búa í
- Að efla tilfinningu barnanna fyrir því að þau tilheyra samfélagi og séu hluti af því
- Að börnin kynnist umferðinni og geri sér grein fyrir helstu umferðarreglum
- Að börnin fái innsýn í atvinnulíf á Akureyri

#### **Námsleiðir:**

Með því að ræða um, skoða og upplifa hvernig fjölskyldan okkar, heimilin, bærinn okkar, atvinnuvegir og umhverfi er. Mikilvægt er að tala um fjölbreytileika, að ekki séu allir eins.

Vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu: börnin fræðast um nánasta umhverfi sitt, kynnast bænum sínum og heimsækja stytur, söfn, stofnanir og atvinnufyrirtæki.

Umferðarfræðsla fer fram í ferðum og í sérstökum umferðavikum á haustin. Bækur eru lesnar, skoðaðar og umræðum komið af stað. Afmörkuð verkefni eru unnin þar sem börnin vinna úr upplifun sinni og segja frá sínum tilfinningum.

#### **Kennsluskipulag:**

Unnið er markvisst með samfélag og menningu í hópastarfi en auk þess fer fræðsla og umræður fram í samverustundum, á Barnafundum í útiveru og í hinum ýmsu ferðum utan lóðar skólans.



## Námsmarkmið í Samfélagi og menningu – 2 ára

## „Ég og fjölskyldan mín“

Ég sjálf/ur og fjölskyldan	Sjálfs hjálp	Skólinn og nánasta umhverfi	Ýmis verkefni
Börnin eru hvött til að vera góð hvert við annað og nota orðin sín í samskiptum	Börnin borða með hnífapörum	Börnin tengjast öðrum börnum deildar og mynda félagstengsl	Hendur og fætur stimplaðar
Líkamsvitund, börnin læra að þekkja andlit, hendur, fætur, augu o.s.frv.	Börnin fá þjálfun við að fara á snyrtingu og að þvo hendur eftir klósettferðir og fyrir máltíðir	Börnin tengjast kennurum deildar og læra að treysta þeim	Líkamsmyndir gerðar þar sem líkamshlutar eru límdir saman
Unnið með skynfærin, sjón, heyrn, lykt, bragð og snertingu	Börnin fá þjálfun í forstofu að klæða sig sjálf í og úr fötum	Börnin kynnst útisvæði skólans og nánast umhverfi	Dregnar upp myndir í kringum börnin á maskínupappír, þau setja skynfæri á, klæða og setja hár
Börnin mála fjölskyldutré og setja myndir af fjölskyldunni á það		Ferðir farnar í lykkjum, raðir æfðar	
Sögur, loðtöflur, hreyfileikir, þulur, rím og söngvar um börn, fjölskylduna, vináttu og líkamann		Umhverfið skoðað, hús, dýr, ökutæki, gróður og fjöll	
Börnin læra að sitja, hlusta, horfa og taka tillit hvert til annars			
Félags-, mál-, sköpunar- og hreyfiþroski örvaður			

## Læsi

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla 2011 – kafli 9.3 bls. 44).

### Markmið Naustatjarnar með kennslu í læsi eru:

- Að efla orðaforða og málskilning svo börnin geti tjáð sig
- Að börnin öðlist nýja reynslu og þekkingu með lestri bóka og með umræðum
- Að vera með lestrarhvetjandi umhverfi

### Námsleiðir:

Með leik, samræðum, söng, lestri, sköpun og daglegum samskiptum og daglegu starfi. Sett eru orð á athafnir og hluti hvar og hvenær sem er. Bækur eru lesnar, skoðaðar og umræðum komið af stað. Börnin eru hvött til að tjá sig og eiga jákvæð samskipti þar sem orðin eru notuð. Unnið er markvisst með Lubbi og málbeinið. Námsgögn af Málveggnum eru notuð til að þjálfa hljóðkerfisvitund, lesskilning, stærðfræðiskilning og tjáningu.

### Kennsluskipulag:

Unnið er markvisst með læsi í daglegum samskiptum, í hópastarfi, í samverustundum, á Barnafundum og í leik, hvort sem er í frjálsum leik eða regluleikjum sem stýrt er af kennurum. Daglega er lesið fyrir börnin og sungið. Söngvar, þulur, rím og tjáning æfð svo eitthvað sé nefnt. Í útiveru og vettvangsferðum gefast mörg tækifæri til að ræða það sem fyrir augu ber. Börnin segja frá upplifun sinni sem kennarar skrá og lesa svo aftur fyrir börnin.

## Námssmarkmið í Læsi – 2 ára

Lesskilningur	Ritun	Talað mál og hlustun	Hljóðkerfisvitund
Bækur eru lesnar daglega og börnin spurð út í sögurnar	Myndrænt dagskipulag haft sýnilegt	Efla orðaforða með því að setja orð á allar athafnir og hluti	Klappa samstöfur / atkvæði í nöfnum og hlutum - taktur
Texti er tengdur við reynslu barnanna	Myndræn viðveruskrá barnanna höfð sýnileg	Söngur, þulur og vísur	Tengja saman stafi og hljóð
Söngvar og lög sungin daglega	Myndir af börnunum með nafni og Lubbatákni er sýnilegt	Sögur, lestur og hlustun	Æfa hlustun með lestri, tónlist og leikjum
Orð og hugtök eru útskýrð	Stafróf og stafir hafðir sýnilegir	Að leiðréttu með því að endurtaka setningar rétt	Læra vísur, þulur og sönglög
Eiginleikahugtök – stór/lítill Staðsetningarhugtök undir/yfir	Leikið með stafi	Fjölga orðum í setningum með því að endurtaka og bæta inn orðum	Fara í athyglis- og minnisleiki
Unnið með liti og flokkun hluta	Teikningar og önnur listsköpun barnanna höfð sýnileg	Spurningar spurðar og beðið eftir svari – hvað heitir þú? – hvað ert þú gömul/gamall?	
Orðaforði – skynfæri og aðrir líkamshlutar	Skráningar barnanna hafðar sýnilegar s.s. – ferðir – ýmsir viðburðir	Persónufornöfn – ég / þú – hann/ hún	
Loðtöflur sýndar í lesátt	Skráðar upplýsingar – spjöld á borðum – sæti í samveru – nafnspjöld	Framsögn æfð fyrir: – kennara – framan spegil – framan hóp – á Barnafundum	
Sögur lesnar aftur og aftur		Lubbi fer heim með börnunum og börnin segja frá heimsókninni	
Myndrænn stuðningur við hegðun			
Vikudagar og mánuðir			
Tilfinningalæsi, að vera læs á tilfinningar sínar og annarra			

### Heilbrigði og vellíðan

Mikilvægt er að bjóða börnum upp á hollan og fjölbreyttan mat svo þau læri að borða slíkan mat. Hvíld er öllum börnum nauðsynleg til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan og því ber skólanum að sjá til þess að þau fái tækifæri til þess að hvíla sig eða sofa, eftir þörfum barnanna. Einnig er mikilvægt að börnin fái tækifæri til að njóta margvíslegrar hreyfingar úti og inni. Jafnframt þarf að kenna börnunum að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur s.s. að þvo sér um hendur fyrir máltíðir og eftir klósettferðir. Umhyggja skipar mikilvægan sess í starfi Naustatjarnar, unnið er eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga sem hjálpar til við að byggja samband væntumþykju og virðingar.

### Markmið Naustatjarnar með kennslu í heilbrigði og vellíðan eru:

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan barna

### Námsleiðir:

Máltíðir (morgunmatur, ávaxtastund, hádegisverður, síðdegishressing). Dagleg hreyfing, hreyfing í sal, leikir, útivera, vettvangsferðir, ævintýraferðir, hvíldarstundir. Undirbúningur fyrir máltíðir og á snyrtingum.

### Kennsluskipulag:

Sameiginlegum matseðli skóla Akureyarbæjar er fylgt en Lýðsheilsstöð hefur yfirfarið og samþykkt matseðilinn. Farið er daglega í útiveru og oft tvisvar á dag. Reglulega er farið í vettvangsferðir og ævintýraferðir. Börnin fara vikulega í hreyfingu í sal þar sem settar eru upp þrautabrautir sem reyna á hreyfiþroska þeirra. Hvíldarstund er daglega eftir máltíðir, yngri börnin sofa en eldri börnin liggja og hlusta á sögur eða rólega tónlist. Fyrir máltíðir þvo öll börn sér um hendur, eftir máltíðir þvo þau andlit með litlum klútum og eftir ferðir á snyrtingu þvo þau sér um hendur.

Andleg vellíðan skiptir ekki minna máli en líkamleg vellíðan. Því ber kennurum að vinna í anda Jákvæðs aga sem skapar jákvætt andrúmsloft vinsemdar, stöðugleika, tillitsemi og gagnkvæmrar virðingar þar sem bæði börnum og kennurum á að líða vel.

## Námsmarkmið í heilbrigði og vellíðan – 2 ára

Næring	Hreyfing	Líkamleg vellíðan	Andleg vellíðan
Börnin eru hvött til að smakka allan mat sem er á matseðli	Dagleg útivera	Börnin fá fræðslu um mikilvægi hreinlætis	Börnin fá daglega tækifæri til leiks og skapandi starfs.
Boðið er upp á ávexti 3 sinnum á dag (ávaxtastund, hádegisverður, síðdegishressing)	Farið er reglulega í vettvangsferðir um nágrenni skólans	Börnin þvo hendur fyrir máltíðir og andlit og hendur eftir máltíðir	Unnið eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga sem kennir lífsleikni og félagsfærni
Boðið er upp á grænmeti 4 sinnum í viku	Farið er í ævintýraferðir a.m.k. aðra hverja viku. Fram að áramótum er ekki farið langt	Börnin þvo hendur eftir klósettferðir	Kennarar beita góðvild og festu á sama tíma og sýna sér og börnunum virðingu í samskiptum
Boðið er upp á vatn með öllum máltíðum og nýmjólk í síðdegishressingu	Skipulagðar hreyfistundir eru a.m.k. vikulega í sal	Börnin fara í hvíld eftir hádegisverð þar sem þau sofa	Börnin fá þjálfun í að nota verkfæri Jákvæðs aga
Börnin frá fræðslu um um hollt mataræði	Hreyfileikir eru í daglegu starfi eða hópastarfi	Börnin fá að fara í slökun, þeim er hjálpað og leiðbeint svo þau geti róað sig	Barnafundir eru einu sinni í viku þar sem börnin fá þjálfun í að tjá sig um líðan sína
	Börnin frá fræðslu um mikilvægi hreyfingar	Börnin fá fræðslu um tannheilsu í tannverndarviku	Börnin fá kennslu í jákvæðum félagslegum samskiptum
			Kennarar veita börnunum snertingu, bros og hlýju

### Sköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að skapa og tjá sig með myndmáli, þau eiga auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun. Því er mikilvægt að veita börnunum fjölbreytt tækifæri til að tjá sig með því að bjóða upp á margskonar efnivið, tíma og aðstöðu. Lögð er áhersla á skapandi starf þar sem ferlið og upplifunin skiptir meira máli en útkoman, börnin prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir og þjálfar upp færni.

Börn hafa einnig ríka þörf til að tjá sig með tónlist, hvort sem um er að ræða í leik, leikrænni tjáningu, söng, hreyfingu, hlustun eða leik með hljóðgjafa. Börn þurfa að fá tækifæri til að þroska með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi auk skapandi tjáningar og túlkunar á tónlist.

#### Markmið Naustatjarnar með kennslu í sköpun eru:

- Að örva sköpunargleði og hugmyndaflug barnanna og löngun til að tjá sig á skapandi hátt
- Að börnin læri að miðla hugmyndum sínum og tilfinningum í verkum sínum
- Að börnin fái tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið
- Að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna

#### Námsleiðir:

Börnin hafa aðgang að skapandi efnivið (áhersla er á endurnýtanlegan efnivið), tónlist, hljóðfærum og búningum. Þau hafa tækifæri til að skapa og gera tilraunir, þjálfar upp færni og efla sjálfstraust. Þau eru kynnt fyrir nýjum hugmyndum, þeim er leiðbeint og þau hvött áfram í sínu starfi. Mikilvægt er að börnin fái tíma til sköpunar. Leikurinn er mikilvægur þegar kemur að sköpun, í gegnum hann prófa börnin sig áfram og engin mörk eru á hugmyndaflugi þeirra.

#### Kennsluskipulag:

Börnin fara að lágmarki einu sinni í viku í listasmiðjur þar sem unnið er með fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt. Í hópastarfi er mikið unnið með skapandi efnivið. Í daglegu starfi á deildum hafa börn aðgang að litum, pappír og skærum. Sungið er daglega og hlusta börnin mikið á tónlist sem vekur áhuga þeirra á tónlist. Hljóðfæri eru gerð aðgengileg og börnin fá tækifæri til að kynnast möguleikum þeirra. Í leik eru búningar í boði sem hvetja börnin til að setja sig í hin ýmsu hlutverk. Sögur eru lesnar sem oft kveikja á hugmyndaflugi barna og sköpun.

## Námsmarkmið í sköpun – 2 ára

Myndsköpun	Tónlist	Leikur/Leikræn tjáning	Menning
Börnin vinna verkefni tengd líkamanum	Börnin syngja daglega í söngstund	Börnin hafa aðgang að ýmsum búningum og fjölbreyttum efnivið og þau fá góðan tíma í leikinn	Börnin kynnast skólanum og heimsækja hinar deildir skólans
Börnin kynnast og vinna með fjölbreyttan efnivið í Listasmiðjum	Börnin fá þjálfun í að klappa í takt, t.d. nöfnin sín og orð sem þau þekkja	Börnin fara í hring- og og hreyfileiki og hreyfa sig eftir tónlist	Börnin fara í vettvangsferðir um Naustahverfi
Börnin læra hvernig grunnlitirnir eru í listsköpun	Börnin fá kynningu á hljóðfærum skólans	Kennarar eru þátttakendur í leik og kenna og hvetja börnin áfram í leik	Börnin hlusta á og læra létt lög á öðrum tungumálum
Börnin velja jólagjöf til að gefa foreldrum úr verkum sem þau hafa skapað	Börnin fá tækifæri til að hlusta á fjölbreytta tónlist svo þau kynnist möguleikum tónlistar		Börnin taka þátt í uppákomum, s.s. öskudegi, jólaballi, húsdýradögum
Börnin eru hvött til að teikna á blöð við hvert tækifæri			

### Daglegar venjur

Daglegar venjur í Naustatjörn markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu þeirra og gefa þarf þessum athöfnum nægjan tíma.

Á ákveðnum tímum matast börnin, þvo sér, hvíla sig, fara á snyrtingu og fram í forstofur til að klæða sig svo þau komist út í hollt útiloft. Dagskipulagið skal sníða að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri þáttum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum þáttum gefa skólasterfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leiks og skapandi starfs.

### Markmið Naustatjarnar með daglegum venjum eru:

- Að börnin verði sjálfbjarga við daglegar venjur, s.s. í matartímum, á snyrtingu og í forstofum

### Námsleiðir:

Börnin fá tíma og kennslu til að læra að athafna sig við matarborð, á snyrtingum, í hvíld og fram í forstofu þar sem kennarar eru góð fyrirmynd bæði í verki og í samskiptum.

### Kennsluskipulag:

Dagalega fer fram þjálfun og kennsla. Við matarborð fá börnin þjálfun í að nota hnífapör til að matast og að skammta sér. Þau fá aðstoð inn á snyrtingum eftir því hver þörf þeirra og geta er, skipt er á bleium hjá þeim börnum sem nota bleiur en eldri börnin fá þjálfun og kennslu í að bjarga sér sjálf á snyrtingunni og að þvo hendur og munn. Í hvíld leggjast börnin niður og sofna þegar þau eru ung en eldri börnin leggjast niður og hlusta á sögur meðan þau safna orku í kroppinn. Kennarar taka þátt í hvíldarstund með börnunum. Fram í forstofum fá börnin hvatningu og stuðning við að klæða sig í föt, einn og einn sokkur í fyrstu hjá yngstu börnunum en í lok skólagöngu þeirra eru börnin orðin sem mest sjálfbjarga.



## Námsmarkmið í daglegum venjum – 2 – 3 ára

Máltíðir	Hvíld	Forstofa
Börnin fá kennslu í að nota hnifapör	Börnin liggja á dýnum með kotta og teppi	Börnin eru hvött til að klæða sig, föt eru lögð til þeirra og þau hvött áfram
Börnin skammta sér salat og kaldar sósur	Sum barnanna eru með dýr og snuddu og flest þeirra sofa	Sett eru orð á fatnað og athafnir
Börnin brytja kartöflur	Gjarnan er hlustað á rólega tónlist	
Börnin æfa sig í að smyrja brauð, hvert með sínum hníf		
Börnin fá aðstoð við að hella vatni/mjólk í glös		
<b>Markmið kennara</b>	<b>Markmið kennara</b>	<b>Markmið kennara</b>
Að hvetja börnin til að smakka matinn en ekki neyða neinn mat í þau. Að borða má aldrei vera refsing	Að lesa í aðstæður – að hvetja til hvíldar	Að hvetja börnin áfram, aðstoða þau og sýna jákvæðni
Að leiðbeina börnunum um skammtastærðir, æfa þau í að skammta sér minna en meira og hvetja þau til að borða það sem þau skammta sér – að þau temji sér hófsemi	Að liggja eða sitja hjá börnunum	Taka tillit til hvernig fötin eru (þröng, þykk, lítil)
Að skapa ró í matartímum	Nota rólega tónlist eða lesa sögur	Ræða við foreldra en ekki börn ef bæta þarf úr búnaði barnanna